

Mál nr. 84/2015**M
og
vátryggingafélagið V v. sjúkratryggingar.****Krafa um bætur vegna þunglyndis og einbeitingarskorts o.fl. þ. 15.12.2013.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.26.2.2015 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V 8.4.2016

Málsatvik.

M fór í aðgerð vegna heilaæxlis árið 2011. Eftir það fór að gæta verulegs þunglyndis hjá M. Í læknisvottorði Einars Guðmundssonar geðlæknis, dags. 22.8.2014 segir að M hafi þjádóst af þunglyndi frá barnæsku en verið án lyfja og meðferðar, en eftir aðgerðina hafi þunglyndið versnað og M farið í fyrstu þunglyndismeðferðina eftir aðgerðina. Þá segir í læknisvottorðinu að einbeitingaskortur M, minnistap, skjálfti og höfuðvandamál sé afleiðing heilaæxlisins en það sé jafnframt ein aðal ástæða þess að M ræður ekki lengur við þunglyndið án meðferðar. M krefst bóta úr sjúkratryggingu sinni hjá V vegna þunglyndisins og þeirra kvilla annarra sem lýst er hér að framan. V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 3.4 í vátryggingaskilmálum þar sem segir m.a. að félagið greiði ekki bætur vegna sjúkdóms sem hafi sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi. V segist hafa greitt M fulla dagpeninga fyrir tímabilið október 2011 til júlí 2013.

Álit.

M hefur verið með sjúkratryggingu hjá V frá því í mars 1990 og gerir kröfu til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku og tímabundins missi starfsorku. Í læknisvottorðum Einars Guðmundssonar geðlæknis dags. 5.8.2014 og 22.8.2014 er staðhæft að starfsgeta M sé verulega skert eftir skurðaðgerð vegna æxlis í höfði. Í vottorði Einars dags. 22.8.2014 kemur fram að M hafi þjádóst af þunglyndi frá barnæsku en verið án lyfja og meðferðar ekkert frekar liggur fyrir í málinu um það atriði. Ekki verður séð að þunglyndi hafi háð M að nokkru marki fyrr en eftir að hann fór í skurðaðgerð vegna höfuðæxlis. Ekki liggur fyrir að M hafi haft vitneskju um að hann var haldinn þunglyndi þegar hann tók sjúkratrygginguna hjá V í mars 1990 enda kemur fram í ofangreindu læknisvottorði að þunglyndi M hafi ekki háð honum fyrr en eftir skurðaðgerðina vegna æxlis í höfði. Af þeim gögnum sem fyrir liggja verður ekki ráðið að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína til V við töku sjúkratryggingarinnar þannig að það leiði til þess að ábyrgð V falli niður í heild eða að hluta sbr. 83. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Verður heldur ekki lagt til grundvallar að V hafi með nægilega skýrum hætti sýnt fram á að undanþáguákvæði gr. 3.4. í vátryggingarskilmálum eigi við í málinu þar sem gögn málsins sýna ekki með óyggjandi hætti að sami sjúkdómur sem veldur óvinnufærni M í dag hafi sýnt einkenni áður en vátryggingin var tekin. M á því rétt á bótum úr sjúkratryggingu sinni hjá V vegna þeirrar tímabundnu og varanlegru örorku sem hann kann að hafa orðið fyrir í samræmi við vátryggingarsamning hans um sjúkratryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúkratryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 8.5. 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.